

BORGARRÁÐ 26. september 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kolefnisjöfnun flugferða í miðlægrri stjórnsýslu - R19090304

Flokkur fólksins leggur til að borgarfulltrúar, embættismenn og starfsmenn miðlægrar stjórnsýslu borgarinnar sem farið hafa erlendis á kostnað borgarinnar planti trjám til að vega upp á móti flugferðum sínum og birti afrakstur sinn á opinberu vefsvæði og/eða greiði eðlilega upphæð til t.d. Kolviðar eða Skógræktarféлага. Með einni flugferð frá Keflavíkurflugvelli til London sem dæmi er talið að losun á koltvíoxíði sé um það bil 210 kg á farþega. Með sömu forsendum og eru hér að ofan má því segja að til að vega upp á móti flugferð til London þyrfti hver farþegi að planta um það bil 120 trjám. Sama fjölda þarf að sjálfsögðu að planta vilji farþeginn vega upp á móti losun koltvíoxíð á heimferðinni. Sá borgarmeirihluti sem nú situr hefur ítrekað gefið sig út fyrir að vera umhverfisvænn en í svo mörgu er ekki verið að sýna það í verki. Það er ekki nóg að tala um loftslagsmál og hvernig breyta eigi neysluvenjum til að sporna við frekari losun gróðurhúsalofttegunda og gera svo minnst af því sjálfur. Það hefur ekki dregið úr flugferðum miðlægrar stjórnsýslu síðustu 4 ár nema síður sé og er það umhugsunarefni.